

Borgarstjórn Reykjavíkur
27. febrúar 2024

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðbæjar og Hlíða um hækkun launa í Vinnuskóla Reykjavíkur

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að hækka laun unglunga í Vinnuskóla Reykjavíkur frá og með næsta sumri í samræmi við breytingar á launavísitölu frá því að síðasta launahækkun var gerð.

Greinargerð

Laun ungmenna sem starfa í Vinnuskóla Reykjavíkur hafa verið langt undir því sem unglingar fá í öðrum sveitarfélögum fyrir sambærileg störf. Það er kallað eftir því að unglingum sé ekki mismunað eftir því hvar þeir búa, jafnræði sé tryggt og að laun í Vinnuskólanum fylgi launaþróun í landinu.